

SAMÞYKKT

um meðhöndlun úrgangs á Suðurnesjum.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Skilgreiningar og gildissvið.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. annast meðhöndlun úrgangs í Gerðahreppi, Grindavíkurbæ, Reykjanesbæ, Sandgerðisbæ og Vatnsleysustrandarhreppi, á þann hátt og með þeim takmörkunum sem leiða af samþykkt þessari, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og lögum um meðferð úrgangs, nr. 55/2003 og reglugerðum settum með stöð í þeim lögum. Stjórn Sorpeyðingarstöðvarinnar fer með stjórn meðferðar úrgangs, undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurnesja og Umhverfisstofnunar, sbr. ákvæði laga og reglugerða þar um.

Til sorphirðu telst hirðing almenns húsasorps frá íbúðarhúsnæði.

Til meðhöndlunar úrgangs telst söfnun, geymsla, böggun, flokkun, flutningur, endurnotkun, endurnýting, pökkun og förgun úrgangs, þ.m.t. almennt sorp, förgun sorps, s.s. endurvinnsla, endurnotkun, endurnýting eða urðun.

Móttökustöð er aðalstarfsstöð Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. að Berghólabraut við Helguvík. Þar er tekið á móti öllum úrgangi sem til fellur á Suðurnesjum.

Söfnunarstöðvar eru gámaplön sem starfrækt eru af Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. utan aðalstarfsstöðvar og ætlað er að taka á móti flokkuðum úrgangi. Stjórn Sorpeyðingarstöðvarinnar ákveður í hverju og einu tilviki hvaða sorpflokkum er tekið á móti í söfnunarstöðvum, innan þeirra marka sem starfsleyfi hverrar söfnunarstöðvar kveður á um.

2. gr.

Skyldur verktaka.

Verktakar sem annast sorphirðu samkvæmt samningi við Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. skulu uppfylla ákvæði samninga um meðhöndlun úrgangs og hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar til starfsemi sinnar, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi. Sama gildir um verktaka sem sinna hirðingu rekstrarúrgangs hjá fyrirtækjum á Suðurnesjum.

II. KAFLI

Sorphirða.

3. gr.

Fyrirkomulag sorphirðu frá íbúðarhúsnæði.

Sorp skal hirt með reglulegum hætti frá íbúðarhúsum. Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. ákveður hvaða ílát og hvaða aðferðir skuli nota til sorpsöfnunar og sorphirðu. Eigendum og umráðamönnum íbúðarhúsnæðis á Suðurnesjum er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir við sorpsöfnun sem stjórnin ákveður.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. leggur íbúðum til viðeigandi sorpílát, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar. Fyrir viðbótarílát eða viðbótarpoka greiðist gjald samkvæmt gjaldskrá. Þar sem stærri ílát henta betur, svo sem við fjölbýlishús, getur stjórnin ákveðið notkun þeirra.

4. gr.

Skyldur húsráðenda.

Sorpgeymslur skulu uppfylla ákvæði byggingar- og heilbrigðisreglugerða. Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir starfsmenn sorphirðu og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu standa saman ef um fjölbýlishús er að ræða.

Húsráðendur skulu halda sorphlátum hreinum, hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Notkun sorphláta.

Óheimilt er að láta garðúrgang, jarðefni eða grjót í almenn sorphlát. Jarðefnum, þar með töldu grjóti eða múrbroti, skal komið fyrir á sértilgreindum móttökustað í viðkomandi sveitarfélagi.

Óheimilt er að losa í almenn sorphlát spilliefni, hættuleg efni eða efni sem sprengihætta getur stafað af, þunga málmhluti eða tærandi efni.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllum endurvinnanlegum úrgangi skal skilað aðgreindum til söfnunarstöðva eða móttökustöðvar Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf.

6. gr.

Tíðni sorphirðu.

Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. ákveður tíðni sorphirðu á einstökum svæðum. Sorp skal hirt á 7-14 daga fresti. Íbúum skal kynnt tíðni sorphirðu með hæfilegum fyrirvara.

III. KAFLI

Meðferð úrgangs frá fyrirtækjum.

7. gr.

Meðferð rekstrarúrgangs.

Rekstraraðilar bera ábyrgð á hirðu og förgun rekstrarúrgangs sem til fellur í starfsemi þeirra og bera af honum allan kostnað. Rekstraraðilum ber að skila rekstrarúrgangi til móttökustöðvar með starfsleyfi.

Söfnun, frágangur og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðisnefndar Suðurnesja. Ákvæði II. kafla samþykktar þessarar um frágang og umgengi um sorphlát gilda einnig um þau ílát sem fyrirtæki nota undir rekstrarúrgang. Gæta skal fyllsta hreinlætis við söfnun og flutning og tryggja að ekkert fjúki eða falli af flutningatækjum sem óþrifnaði getur valdið.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. tekur að sér förgun rekstrarúrgangs hjá þeim fyrirtækjum á Suðurnesjum sem þess óska, samkvæmt gjaldskrá sem fyrirtækið setur og auglýsir.

III. KAFLI

Móttökustöðvar og móttaka í Sorpeyðingarstöð.

8. gr.

Móttaka úrgangs í söfnunarstöðvum og móttökustöð.

Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf. tekur við öllum úrgangi sem til fellur á Suðurnesjum ýmist í móttökustöð eða í söfnunarstöðvum, eftir nánari ákvörðun stjórnar. Opnunartími söfnunar- og móttökustöðva skal auglýstur opinberlega.

Úrgangur skal flokkaður við móttöku samkvæmt flokkunarreglum Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. Spilliefni, svo sem úrgangsolía og úrgangsvökvar, skulu aðskilin frá öðrum úrgangi og uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. setur gjaldskrá þar sem nánar eru greindir þeir úrgangsflokkar sem tekið er á móti og það gjald sem tekið er fyrir móttöku og eyðingu hvers um sig. Slík gjöld skulu innheimt við móttöku annarra sorpflokka en almenns heimilissorps sem hirt er af sorphirðuverktaka. Heimilt er að undanþiggja gjaldskyldu minni háttar magn, sem komið er með til söfnunarstöðva Sorpeyðingarstöðvarinnar. Ávallt skal leggja gjald á allan rekstrarúrgang.

Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. gerir sveitarfélögum þeim sem að samþykkt þessari standa, reikning fyrir þá þjónustu sem Sorpeyðingarstöðin veitir við hirðu, meðferð og förgun almenns heimilissorps, móttöku í söfnunarstöðvum og í móttökustöð í samræmi við ákvæði þjónustusamnings milli sveitarfélaganna og Sorpeyðingarstöðvarinnar þar um.

IV. KAFLI

Gjaldtaka.

9. gr.

Almennt sorphirðugjald.

Hvert sveitarfélag um sig skal, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, leggja á almennt sorphirðugjald sem standa skal undir þeim kostnaði sem á sveitarfélagið fellur vegna móttöku úrgangs, sorphirðu, meðhöndlunar og förgunar sorps í samræmi við ákvæði 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðferð úrgangs. Gjaldið skal aldrei vera hærra en nemur þeim kostnaði sem fellur til í viðkomandi sveitarfélagi við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi.

Almennt sorphirðugjald skal taka mið af fjölda og stærð íláta og hreinsunartíðni. Sorphirðugjald innheimtist með sama hætti og fasteignagjöld og á sömu gjalddögum. Kvörtunum vegna álagningar eða innheimtu sorphirðugjalds skal beint til sveitarstjórnar. Til tryggingar greiðslu sorphirðugjalda samkvæmt gjaldskrá er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga. Gjaldskráin skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

V. KAFLI

Viðurlög, brottfall og gildistaka.

10. gr.

Viðurlagaákvæði.

Með brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum 33. og 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 24. gr. laga nr. 55/2003 um meðferð úrgangs.

11. gr.

Brottfall og gildistaka.

Framangreind samþykkt Gerðahrepps, Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar og Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 271/1981 um sorphreinsun og sorpeyðingu á Suðurnesjum.

Umhverfisstjórnuneytinu, 19. apríl 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.